

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**7. desember 2021**

**Breytingartillögur Sjálfstæðisflokksins (D) við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022**

**D-1 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að gera fólki kleift að eignast félagslegt húsnæði Félagsbústaða**

Borgarstjórn samþykkir að beina því til Félagsbústaða hf. að gera áætlun til 3ja ára sem geri leigjendum Félagsbústaða hf. mögulegt að eignast heimili sitt, þ.e. húsnæðið sem það leigir af Félagsbústöðum. Gera skal ráð fyrir að unnt verði að selja allt að 100 íbúðir árlega eða allt að 300 íbúðir á þremur árum. Þannig láni Reykjavíkurborg fyrir útborgun í félagslegu húsnæði til handa núverandi leigjendum með sérstöku eiginfjárláni til þriggja ára sem gerir þeim sem eru eignaminni auðveldara að greiða útborgunina. Þannig myndi Reykjavíkurborg lána allt að 20%. Fjármála- og áhættustýringarviði Reykjavíkurborgar verði falið að vinna að útfærslu tillögunnar í samráði við Félagsbústaði hf.

**Greinargerð:**

Félagslegt húsnæði er húsnæðisúrræði til að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignarmörkum eins og skilgreint er í lögum. Þar sem lágur tekjur eru skilyrði fyrir úthlutun íbúðar er ákveðin hættu á að leigjendur geti ekki aflað sér viðbótartekna án þess að eiga á hættu að missa húsnæði sitt. Þessi staða veldur því að húsnæðisöryggi er minna og raunveruleg hættu er á að fólk lendi í fátæktargildru og sé bæði ókleift að auka tekjur sínar vegna þessara reglna og jafnframt nær ómögulegt að eignast eigið húsnæði.

Lágir vextir skapa tækifæri fyrir leigjendur að eignast húsnæði og getur Reykjavíkurborg stuðlað að því að þeir sem nú eru fastir á leigjendamarkaði geti eignast íbúð. Með þessu framtaki er unnt að auka aflahæfi þeirra sem leigja íbúðir hjá Félagsbústöðum og mynda eiginfjárgrunn hjá fólki sem eignast eigið húsnæði í stað þess að leigja.

Kostirnir eru ótvíræðir: Annars vegar lækkar kostnaður við viðhald Félagsbústaða. Hins vegar lækka skuldir samstæðu borgarinnar um milljarða króna. Þá verður frelsi þessara einstaklinga og húsnæðisöryggi tryggara með því að gera þeim kleift að búa í eigin húsnæði.

Samkvæmt úttekt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vilja um 91% þeirra sem eru í leiguhúsnæði eignast sitt eigið húsnæði. Þessar tölur segja mikið til um vilja fólks og drauma. Skv. nýjustu upplýsingum frá Félagsbústöðum kemst einungis 1% leigjenda í eigið húsnæði. Með öðrum orðum þá tekur það 100 ár að komast út úr kerfinu og í eigið húsnæði.

Félagslega húsnæðiskerfið í Reykjavík hefur vaxið mikið á síðustu áratugum. Við stofnun Félagsbústaða voru íbúðir félagsins 828 talsins en eru nú 2966. Þá áforma Félagsbústaðir að kaupa 156 íbúðir á næstu 18 mánuðum. Stefnt er á að þær verði 3.412 í árslok 2025. Þetta er meira en fjórföldun á 27 árum.

Þrátt fyrir þessa miklu fjölgun eru mörg hundruð manns á biðlista eftir húsnæði Félagsbústaða. Nú eru 507 manns á biðlista eftir húsnæði auk þess sem margir vilja skipta um húsnæði innan kerfisins. Ljóst er af þessum tölum að núverandi kerfi er ekki í jafnvægi. Allt of fáir komast út úr félagslega húsnæðiskerfinu og inn á almennan húsnæðismarkað. Því leggja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að borgarstjórn aðstoði fólk að komast út úr kerfinu og eignast eigið húsnæði eins og hugur langflestra leigjanda stendur til.

**D-2 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að Ljósleiðarinn ehf. verði seldur**

Lagt er til að fyrirtækið Ljósleiðarinn ehf. (áður Gagnaveita Reykjavíkur) verði selt. Sala á nettengingum er hvorki hluti af grunnrekstri Reykjavíkurborgar né hefðbundnum grunnrekstri

Orkuveitunnar. Söluandvirðið verði nýtt til að lækka skuldir og fjármagnskostnað í samstæðu Reykjavíkurborgar.

### **Greinargerð:**

Miklir fjármunir liggja bundnir í dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur; Ljósleiðaranum. Félagið hefur vaxið með hlutafjárframlögum Orkuveitunnar og skuldsetningu en fjárfestingar frá upphafi verkefnisins eru yfir 30 milljarðar króna að núvirði.

Borgarstjórn samþykkti hinn 16. október 2012 að selja allt að 49% hlut í félaginu og var því haldið opnu að selja meira síðar. Nú hafa liðið níu ár og margir milljarðar farið í að þróa verkefnið enn frekar, þrátt fyrir þessa samþykkt borgarstjórnar.

Meira en tuttugu ár hafa liðið síðan Orkuveitan fór að fjárfesta í nettengingum og síðan þá hafa öflugir aðilar í fjarskiptum búið til samkeppnismarkað. Það er því engin þörf á því fyrir þróun neytendamarkaðar í fjarskiptum að Orkuveita Reykjavíkur fóstri áfram þetta þróunarverkefni. Miklu nær er að borgin fari eftir eigin samþykkt frá árinu 2012 þegar borgarstjórn samþykkti sölu félagsins, líkt og hinir hluthafar Orkuveitunnar gerðu.

Miklar og örar breytingar eru að verða á fjarskiptamarkaði, s.s. með sölu Símans á Mílu en eftir söluna verður Míla sjálfstæður söluaðili og því enn mikilvægara fyrir OR að draga sig úr eignarhaldi fyrirtækisins. Enda hamlar það þróun Ljósleiðarans ehf. að eignarhaldið sé bundið við OR.

Með sölunni væri hægt að minnka skuldir samstæðu borgarinnar umtalsvert en það er skynsamleg forgangsröðun einmitt á þeim tímum sem við erum nú á. Einskíptis tekjur af sölu byggingarréttar eru ekki í hendi á næstu árum. Endurmat eigna hefur síðustu árin skilað borginni hagnaði upp á tugi milljarða. Sú leið að losa landfestar á fyrirtækinu og láta það standa á eigin fótum myndi minnka áhættu í rekstri borgarinnar, lækka vaxtagjöld og stuðla að eðlilegu samkeppnisumhverfi á fjarskiptamarkaði.

### **D-3 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að Malbikunarstöðin Höfði verði seld**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Malbikunarstöðin Höfði sem er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar verði sett í sölufurli. Enda skekkir eignarhald borgarinnar á henni samkeppnisstöðu fyrirtækja á sama markaði, sem samræmist ekki sjónarmiðum um heilbrigða samkeppni og hagkvæma opinbera þjónustu.

### **Greinargerð:**

Með eignarhaldi Reykjavíkurborgar á Malbikunarstöðinni Höfða hf. skapar borgin hagsmunaaðrekstur sem grefur undan frjálsri samkeppni. Þrátt fyrir að Malbikunarstöðin Höfði sé verðmætt fyrirtæki geta skapast þær aðstæður að reksturinn verði þyngri og erfiðari sem skapar sveiflur og áhættu fyrir skattgreiðendur.

Nú liggur fyrir að Malbikunarstöðin Höfði muni að óbreyttu flytja í Hafnarfjörð með ærnum tilkostnaði. Sú staðreynd kallar á meiri akstur, yfir lengri vegalengdir, þegar verið er að malbika í Reykjavík. Malbikunarstöðin er því komin út úr Reykjavík. Því er enn undarleggra að borgin ætli sér að eiga og reka malbikunarstöð þegar hún flyst í annað sveitarfélag.

Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð hafa bent á að ekkert þeirra verkefna sem Malbikunarstöðin Höfði sinnir, þ.e. að reka grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggja út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur, sé þess eðlis að borgin geti ekki boðið þau út og keypt þjónustu af einkaaðilum.

Þá eiga rök borgarinnar um að Malbikunarstöðin Höfði tryggji samkeppni á suðvesturhorninu ekki við lengur, enda malbikunarfyrirtækin orðin fjögur á markaði, að meðtalinni Malbikunarstöðinni Höfða.

Það er ekkert annað en tímaskekkja að Reykjavíkurborg standi í samkeppnisrekstri um malbik og tímabært að borgin losi sig út úr rekstrinum.